



















Séra Snævar Jón Andrésson jarðsyngur
Minningarorð: Arnar Snæberg Jónsson
Organisti: Viðar Guðmundsson
Einsöngur: Stefán Steinar Jónsson
Tvísöngur: Stefán Steinar Jónsson
og Viðar Guðmundsson
Kór: Karlar úr kór Hólmavíkurkirkju
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

***Aðstandendur þakka samúð og hlýhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í félagsheimilinu á Hólmavík að athöfn lokinni***

***Jarðsett verður í Kollafjarðarneskirkjugarði***

Prentþjónusta Vesturlands, Borgarnesi

# Ásdís Jónsdóttir



Fædd 16. apríl 1943
Dáin 28. október 2024

Útför frá Hólmavíkurkirkju
föstudaginn 8. nóvember 2024

## *Forspil*
**Næturljóð**
*Chopin*

## *Bæn*

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys,
vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðar strönd.

Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnsins fró.
Kom draumanótt með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn, ljúfi blær,
sorgmæddu hjarta' er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðjan ljúfa, ljá mér vinarhönd
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.

Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnsins fró.
Kom draumanótt með fangið fullt af friði og ró.
*Stephen C. Foster*
*Jón Jónsson frá Ljárskógum*

## *Ritningarlestur*

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Heiðarbóli ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá.
Skyldi ei dýrðin í geim
bera af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á ?

Heiðarbóli ég bý...

Þetta loft er svo tært,
finnið þytmjúkan þey,
hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðarbóli ég bý...
*Daniel E. Kelley*
*Friðrik A. Friðriksson*

## *Ritningarlestur*

Blærinn í laufi, hvíslandi hljótt
hörpuna stillir, um vorljósa nótt.
Niðar við strönd af haföldu hreim,
hlæjandi stjörnuskrúð sindrar um geim.
Þrösturinn kvakar kvöldljóðin sín,
kliðurinn berst inn um gluggann til mín.
Fögur er nóttin, hljóðlát og hlý,
heilög sú stund er við mætumst á ný.
*Jón frá Ljárskógum*

## *Guðspjall*

## *Einsöngur*
**Nótt**
*Magnús Gíslason*
*Árni Thorsteinsson*

## *Minningarorð*

## *Einsöngur*
**Áfram veginn**
*Erlent lag*
*Freysteinn Gunnarsson*

## *Bæn - Faðir vor*

## *Tvísöngur*
**Ætti ég hörpu**
*Pétur Sigurðsson*
*Friðrik Hansen*

## *Moldun*

Smávinir fagrir foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley! Sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!
*Jón Nordal*
*Jónas Hallgrímsson*

## *Blessun*

## *Eftirspil*
**You´ll never walk alone**
*Rodgers & Hammerstein*







